

Námskeið fyrir foreldra í Suðurnesjabæ



Kæru foreldrar og forsjáraðilar

Við viljum bjóða ykkur að taka þátt í einstöku námskeiði fyrir foreldra í Suðurnesjabæ.

Námskeiðið er á vegum Föruneytis barna hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og heitir **Tengjumst í leik**.

Markmið námskeiðsins er að styrkja og efla tengslin milli foreldra og barna og stuðla að meiri samvinnu og ró í umhverfi barnsins.

Foreldrar hafa upplifað:

- Aukna náms-, félags- og tilfinningahæfni hjá börnunum sínum.
- Fleiri verkfæri til að takast á við daglegar áskoranir í uppeldinu.
- Að dregið hafi úr hegðunarörðugleikum.

Þetta er í annað sinn sem við bjóðum upp á námskeiðið í Suðurnesjabæ og var mikil ánægja með námskeiðin tvö sem voru fyrir áramót.

Umsagnir frá foreldrum í Suðurnesjabæ:

- *Helsti styrkleiki námskeiðisins er að vekja mann til umhugsunar um hversu mikilvægt það er að gefa sér að lágmarki 15 mínútur á dag í smá leik með börnunum, allir meðlimir heimilisins græða á því. Það sem stendur upp úr er að það fékk mig til að hugsa um það hvernig ég bregst við þegar það fer ekki allt eins og ég vil. Hringurinn góði, hugsun - hegðun - tilfinningar.*
- *Ég lærði helling um samskipti við barnið mitt og gat speglað mig við aðra foreldra. Fékk gagnleg verkfæri til að nota strax. Mæli með ámskeiðinu fyrir alla foreldra.*

Námskeiðið er foreldrum að kostnaðarlausu!

Þrjú námskeið verða í boði í Suðurnesjabæ. Þau hefjast 20. og 22. janúar og eru í 12 skipti, einu sinni í viku. Staðsetning er óháð skólahverfi og aldri. Veljið eftir hentugleika.

Gerðaskóli - Þriðjudagar 18:30 - 20:30
Sandgerðisskóli - Þriðjudagar 19:30 - 21:30
Grænaborg - Fimmtudagar 15:30 - 17:30

Skráning hér: **Námskeið**

Síðasti skráningardagur er sunnudagurinn 18. janúar.

Við hlökkum til að sjá ykkur!

Hér er hlekkur á myndband þar sem sjá má foreldra deila upplifun sinni af því að sitja námskeið:

[Myndband](#)